



Fjaraskiptastofa

Ákvörðun nr. 11/2022 Auðkenni ehf. veitt fullgild staða

(málsnr. 2021110072)

I.

Inngangur

(1) Fjaraskiptastofu barst erindi frá Auðkenni ehf. þann 28. janúar sl., þar sem óskað var eftir að Fjaraskiptastofa veiti Auðkenni ehf. fullgilda stöðu til að starfa sem fullgildur traustþjónustuveitandi á sviði rafrænna undirskrifa og rafrænna innsigla. Með erindi félagsins fylgdu þrjár samræmismatskýrslur frá samræmismatsstofunni TÜV AUSTRIA. Fyrsta samræmismatið er fyrir fullgild vottorð fyrir rafræna undirskrift á auðkenniskorti og sim-korti í farsíma¹, annað varðar fullgild vottorð fyrir rafræna undirskrift í Auðkennisappi² og það þriðja tekur til fullgildra vottorða fyrir rafræn innsigli³.

II.

Lagaumhverfi

(2) Fjaraskiptastofa fer með eftirlit samkvæmt lögum nr. 55/2019, um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti, og reglum settum samkvæmt þeim, sbr. 1. mgr. 4. gr. laganna. Stofnunin hefur eftirlit með traustþjónustuveitendum sem hafa staðfestu á íslensku yfirráðasvæði í samræmi við framangreind lög og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 (eIDAS reglugerð) en reglugerðin var innleidd hér á landi með tilvísunaraðferð og setningu nýrra laga um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti. Reglugerðin hefur rýmra gildissvið en forveri hennar, tilskipun 1999/03/EB, og nær þannig til fleiri tegunda traustþjónustu auk þess að fjalla um rafræna auðkenningu og skjöl og gagnkvæma auðkenningu á rafrænum auðkenningarleiðum yfir landamæri.

(3) Í reglugerðinni er traustþjónusta skilgreind í 16. tl. 3. gr. með eftirfarandi hætti, sbr. einnig 8. tl. 3. gr. laga nr. 55/2019:

Rafræn þjónusta, sem að öllu jöfnu er veitt gegn þóknun og felst í:

¹ Sjá bls. 1 í samræmismatskýrslu TA235203399

² Sjá bls. 1 í samræmismatskýrslu TA235203400

³ Sjá bls. 1 í samræmismatskýrslu TA235203728

- a) myndun, sannprófun og staðfestingu rafrænna undirskrifa, rafrænna innsigla eða rafrænna tímastimpla, rekjanlegrar rafrænnar afhendingarþjónustu og vottorða sem tengjast þessum þjónustum eða
- b) myndun, sannprófun og staðfestingu vottorða fyrir sannvottun vefsetra eða
- c) varðveislu rafrænna undirskrifa, innsigla eða vottorða sem tengjast þessum þjónustum.

(4) Reglugerðin gerir greinamun á því hvort um fullgilda eða ófullgilda traustþjónustu sé að ræða en ríkari kröfur eru gerðar til fullgildrar traustþjónustu og fullgildra traustþjónustuveitenda, sbr. 20.-24. gr. reglugerðarinnar. Þannig þurfa fullgildir traustþjónustuveitendur að tryggja að starfsemi þeirra sé í samræmi við framangreind ákvæði reglugerðarinnar og tengdra framkvæmdagerða. Í því skyni að tryggja fylgni við reglugerðina er fullgildum traustþjónustuveitendum skylt að fela samræmismatsstofu að gera úttekt á starfsemi þeirra, á sinn eigin kostnað, á a.m.k. 24 mánaða fresti, sbr. 1. mgr. 20. gr. reglugerðarinnar. Fullgild traustþjónusta er jafnframt birt á traustlista sem aðildarríkjum ber að viðhalda og birta skv. 1. mgr. 22. gr. reglugerðarinnar. Traustlistum er þannig ætlað að byggja upp traust á milli markaðsaðila og stuðla að trausti neytenda til þjónustunnar, þar sem hann er sönnun fyrir því að traustþjónustuveitandi hafi fullgilda stöðu.

(5) Ákvæði eIDAS reglugerðarinnar kveða á um hlutverk eftirlitsstofnanna sem starfa skulu á grundvelli gerðarinnar. Þar er í 17. gr. fjallað um hlutverk þeirra. Eitt af þeim hlutverkum sem þar eru talin upp eru að veita traustþjónustuveitendum og þjónustunni sem þeir veita fullgilda stöðu og afturkalla þessa stöðu í samræmi við ákvæði 20. og 21. gr. reglugerðarinnar, sbr. g-liður 4. mgr. 17. gr. Þá skal eftirlitsstjórnvald krefjast þess að traustþjónustuveitendur bæti úr öllu tilvikum þar sem kröfur, sem mælt er um fyrir í reglugerðinni, eru ekki uppfylltar, sbr. j-liður 4. mgr. 17. gr. reglugerðarinnar.

(6) Fjarskiptastofa veitir þannig traustþjónustuveitendum, sem hafa staðfestu á íslensku yfirráðasvæði, og traustþjónustunni sem þeir veita fullgilda stöðu á grundvelli 21. gr. reglugerðarinnar. Stofnuninni ber að sannprófa hvort að traustþjónustuveitandi og traustþjónustan sem hann veitir standist kröfur reglugerðarinnar, sbr. 2. mgr. 21. gr. Komist stofnunin að þeirri niðurstöðu að kröfur reglugerðarinnar séu uppfylltar veitir hún traustþjónustuveitanda og traustþjónustunni sem hann veitir fullgilda stöðu. Í kjölfarið er traustlisti uppfærður í samræmi við 1. mgr. 22. gr. reglugerðarinnar og traustþjónustuveitanda er þá heimilt að nota traustmerki Evrópusambandsins, sbr. 1. mgr. 23. gr.

(7) Fjallað er um rafrænar undirskriftar í 25.-34. gr. reglugerðarinnar en hugtakið er nánar skilgreint í 10. tl. 3. gr. reglugerðarinnar sem „gögn á rafrænu formi sem eru tengd við eða rökrænt vensluð við önnur gögn á rafrænu formi og undirritandi notar til að undirrita“. Kröfur til rafrænna innsigla koma fram í 35.-40. gr. reglugerðarinnar en hugtakið rafræn innsigli er skilgreint í 25. tl. 3. gr. reglugerðarinnar, sbr. einnig 6. tl. 3. gr. laga nr. 55/2019, sem „gögn á rafrænu formi sem eru tengd við eða rökrænt vensluð við önnur gögn á rafrænu formi til að tryggja uppruna og heilleika hinna síðarnefndu“. Rafrænar undirskriftir og rafræn innsigli hafa ólík réttáhrif sem felast m.a. í því að rafrænar undirskriftir taka til einstaklinga á meðan rafræn innsigli taka til lögaðila. Þegar fullgilds rafræns innsiglis lögaðila

er krafist í viðskiptum ætti fullgild rafræn undirskrift frá viðurkenndum fulltrúa lögaðilans að vera jafngild skv. 58. lið formálsorða reglugerðarinnar. Þá kemur jafnframt fram í 59. lið formálsorða reglugerðarinnar að rafræn innsigli ættu að vera til sönnunar á að rafrænt skjal hafi verið gefið út af lögaðila og tryggja fullvissu um uppruna skjalsins og heilleika.

(8) Í reglugerðinni er einnig að finna almenn ákvæði sem eiga við um bæði fullgilda og ófullgilda traustþjónustu en þau atriði eru meðal annars viðfangsefni samræmismats. Í báðum tilvikum skal vinnsla persónuupplýsinga samrýmast gildandi persónuverndarlögum, sbr. 1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar. Þá er kveðið sérstaklega á um bótaábyrgð og sönnunarbyrði traustþjónustuveitanda í 13. gr. reglugerðarinnar. Þannig bera traustþjónustuveitendur ábyrgð á tjóni sem einstaklingur eða lögaðili verður fyrir, sem valdið er af ásetningu eða gáleysi, og rekja má til þess að skuldbindingar samkvæmt reglugerðinni eru ekki uppfylltar. Sönnunarbyrði hvílir á fullgildum traustþjónustuveitendum að sanna að tjón sé ekki rakið til ásetnings eða gáleysis. Þá er Jafnframt gerð krafa um að traustþjónusta sem veitt er sé aðgengileg fötlðu fólki þegar það er framkvæmanlegt, sbr. 15. gr. reglugerðarinnar. Reglugerðin gerir kröfu um að traustþjónustuveitendur geri viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að stýra öryggisáhættu traustþjónustunnar sem þeir veita, sbr. 1. mgr. 19. gr. reglugerðarinnar. Í 2. mgr. 19. gr. er einnig að finna tilkynningarskyldu sem lögð er á traustþjónustuveitendur um hvers konar öryggisrof eða glötun á heilleika sem hefur umtalsverð áhrif á traustþjónustu sem veitt er eða á persónuupplýsingar sem í henni felast.

(9) Í 24. gr. reglugerðarinnar er að finna sérstakar kröfur sem gerðar eru til fullgildra traustþjónustuveitanda. Í 1. mgr. ákvæðisins koma fram tilteknar kröfur sem gerðar eru til sannprófunar við útgáfu fullgildra vottorða. Þá eru gerðar enn frekari kröfur til fullgildra traustþjónustuveitanda sem veita fullgilda traustþjónustu í 2. mgr. sama ákvæðis. Þær kröfur felast m.a. í skyldu fullgilds traustþjónustuveitanda að upplýsa eftirlitsstofnun um hvers konar breytingar á þjónustunni eða ef fyrirhugað er að hætta starfsemi. Þá skal hann ráða starfsfólk sem býr yfir nauðsynlegri sérþekkingu, áreiðanleika, reynslu, menntun og hæfi sem hafa fengið viðeigandi þjálfun varðandi öryggismál og persónuvernd. Ennfremur er gerð sú krafa að fullgildur traustþjónustuveitandi ráði að staðaldri yfir nægilegu fjármagni og/eða útvegi sér viðeigandi ábyrgðartryggingar til að koma til móts við þá áhættu sem fylgir skaðabótaábyrgð traustþjónustuveitanda. Í d-lið ákvæðisins er fjallað um skilmálanotkun og skyldu fullgilds traustþjónustuveitanda að upplýsa notendur, en þar segir:

"Fullgildur traustþjónustuveitandi sem veitir fullgilda traustþjónustu skal:

d) áður en hann gerir samning við aðila, sem sækist eftir fullgildri traustþjónustu, upplýsa viðkomandi á skýran og auðskiljanlegan máta um nákvæma skilmála sem gilda um notkun þeirrar þjónustu, þ.m.t. allar takmarkanir á notkun hennar."

III. Málsmeðferð

3.1 Samskipti aðila

(10) Fjarskiptastofa tók við eftirliti með lögum nr. 55/2019 af Neytendastofu þann 1. október 2021 og var samræmismat Auðkennis ehf. þá þegar hafið. Auðkenni ehf. hafði leitaði til

samræmismatsstofunnar TÜV í Austurríki sem framkvæmdi samræmismat fyrir félagið í samræmi við 1. mgr. 20. gr. eIDAS reglugerðarinnar.

(11) Þann 26. nóvember 2021 barst Fjarskiptastofu bréf frá samræmismatstofunni þar sem fram kom að Auðkenni ehf. hefði staðist samræmismat og samræmismatskýrsla væri væntanleg í febrúar 2022. Þann 4. janúar 2022 sendi Fjarskiptastofa gagnabeiðni á Auðkenni ehf. vegna undirbúnings á yfirferð á samræmismati. Var þar óskað eftir gögnum sem stofnunin taldi nauðsynlegt að fá afhent til að geta undirbúið sannprófun sína á samræmismati félagsins. Síðar í janúar, nánar tiltekið þann 28. janúar, bárust stofnuninni þau gögn sem gagnabeiðnin tók til ásamt samræmismati. Þá var óskað eftir frekari gögnum þann 8. febrúar 2022 þar sem stofnunin taldi nauðsynlegt að félagið afhenti einnig svokallað „Scope Report“ eða „SR-skýrslu“ svo hægt væri að framkvæma frekari sannprófun á fylgni við kröfur reglugerðarinnar. Stofnuninni barst sú skýrsla þann 25. febrúar sl. Síðar kom í ljós að hluta af SR-skýrslu hafði ekki skilað sér til Fjarskiptastofu og var þá óskað eftir uppfærðri skýrslu þann 8. mars sl. en stofnunni barst uppfærð skýrsla degi síðar, þ.e. þann 9. mars sl.

3.2 Boðun ákvörðunar og andmæli Auðkenni ehf.

(12) Fjarskiptastofa upplýsti Auðkenni ehf. með tölvupósti dags. 20. apríl sl. um ákvörðun stofnunarinnar að veita Auðkenni ehf. fullgilda stöðu til að starfa sem traustþjónustuveitandi á sviði rafrænna undirskrifta og rafrænna innsigla, sbr. heimild í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2019 og 2. mgr. 21. gr. eIDAS reglugerðar. Í sama tölvupósti greindi Fjarskiptastofa frá því að stofnunin teldi þó nauðsynlegt að setja fram ákveðnar tillögur að úrbótum og myndi því taka formlega ákvörðun þar um, sem og veitingu fullgildrar stöðu félagsins hvað þessar þjónustur varðar.

(13) Með bréfi dags. 16. maí sl. um boðun ákvörðunar um veitingu fullgildrar stöðu, var Auðkenni ehf. upplýst um grundvöll fyrirhugaðrar ákvörðunar, þær úrbætur sem stofnunin taldi nauðsynlegar og því gefinn kostur á að koma fram með athugasemdir. Fólust boðaðar úrbætur í fyrsta lagi í því að Auðkenni ehf. gætti að upplýsingaskyldu gagnvart skráðum einstaklingum á vefsíðu félagsins í samræmi við 1. mgr. 5. gr. eIDAS reglugerðarinnar og, í öðru lagi, að félagið lagfærði skilmálanotkun sína svo uppfyllt væri skilyrði d-liðar 2. mgr. 24. gr. eIDAS reglugerðarinnar.

(14) Svar Auðkenni ehf. barst stofnuninni þann 31. maí sl. þar sem gerðar voru athugasemdir við boðaðar úrbótakröfur og óskað eftir því að þær yrðu afturkallaðar.

(15) Félagið gerði í upphafi athugasemdir við lögbundið hlutverk stofnunarinnar á grundvelli laga nr. 55/2019, sem felur í sér sannprófun á að traustþjónustuveitandi og traustþjónustan sem hann veitir standist kröfur eIDAS reglugerðarinnar, sbr. 2. mgr. 21. gr. reglugerðarinnar. Um þetta segir í svari félagsins:

„Telur Auðkenni rétt að benda á þetta í upphafi umfjöllunar um bréf stofnunarinnar í ljósi þess að efni bréfsins gefur til kynna að hugsanlega hafi stofnunin varið tíma í verkefni sem reglugerðin gerir ekki ráð fyrir, með óheppilegum afleiðingum, að því er virðist.“

(16) Hvað varðar fyrri atriði stofnunarinnar í boðaðri niðurstöðu, þá komst Fjarskiptastofa að þeirri niðurstöðu við sannprófun sína að ákveðin skjöl sem samræmismatsaðili vísar til í yfirferð sinni uppfylli ekki kröfu eIDAS reglugerðarinnar um fylgni við persónuverndarlög og þá sérstaklega er lítur að fræðsluskyldu skv. 13. gr. persónuverndarlaga nr. 90/2018. Í boðunarbréfi dags. 16. maí sl. var Auðkenni ehf. hvatt til að yfirfara upplýsingar á vefsíðunni sinni og gera viðeigandi úrbætur svo tryggt væri að félagið uppfylli þá fræðsluskyldu sem hvílir á félaginu samkvæmt persónuverndarlögum. Var þeirri ályktun hafnað harðlega af Auðkenni ehf., en í svari félagsins segir:

„Ólíkt því sem stofnunin virðist álykta, byggði samræmismatsaðilinn það mat sitt á mun fleiri úttektaratriðum en stofnunin tiltekur í bréfi sínu. Var matið m.a. byggt á ítarlegum viðtölum, rýni á gögnum og svörum við stöðluðum spurningum. Samantekt sú um meðferð persónuupplýsinga sem stofnunin álitur rökstuðning samræmismatsstofunnar fyrir hlítingu, er einungis lítill hluti af því efni sem rýndur var til mats á hlítingu á þessu sviði.“

(17) Þá fjallaði félagið einnig um valdbærni Fjarskiptastofu þegar kemur að framfylgni við persónuverndarlög:

„Í bréfi sínu tilgreinir stofnunin jafnframt að vísbendingar séu um fylgni við persónuverndarlög en að ekki hafi verið framkvæmd frekari sannprófun á því þar sem stofnunin telur þá sannprófun ekki falla undir sitt eftirlitshlutverk. Þrátt fyrir þá yfirlýsingu sína að stofnunin sé ekki eftirlitsaðili með fylgni við persónuverndarlög, álitur stofnunin sig hafa valdbærni til þess að leggja á félagið úrbótaskyldu vegna fylgni við umrædd persónuverndarlög, að því er virðist byggt á könnun stofnunarinnar á þremur skjölum tengd fylgni félagsins við persónuverndarlög.“

(18) [...]⁴.

(19) [...]⁵.

IV.

Forsendur og niðurstaða

4.1 Veiting fullgildrar stöðu

(20) Traustþjónusta Auðkennis ehf. sem snýr að rafrænum undirskriftum er skráð á traustlista Evrópusambandsins samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 55/2019. Fyrir nýtingu á framangreindri bráðabirgðaheimild í lögnum var sett krafa um að félagið myndi leggja fram samræmismatskýrslu fyrir 1. september 2020 og væri þá litið svo á að það sé fullgildur traustþjónustuveitandi þangað til að eftirlitsstofnun hafi lokið mati sínu. Samræmismatskýrsla félagsins var lögð fram þann 28. janúar sl. en samræmismat hófst í ágúst 2020. Samræmismatið var framkvæmt af samræmismatstofunni TÜV AUSTRIA sem

⁴ Upplýsingar felldar á brott vegna trúnaðar.

⁵ Upplýsingar felldar á brott vegna trúnaðar.

hefur viðurkennda faggildingu⁶. Samræmismatið nær sem fyrr segir til fullgildingar á tveimur tegundum traustþjónustu, nánar tiltekið rafrænum undirskriftum með notkun á smáforriti (appi), auðkenniskorti og SIM-korti sem og rafrænum innsiglium.

(21) Fjarskiptastofa hafnar alfarið sjónarmiðum Auðkennis er lúta að meintum misskilningi stofnunarinnar á hlutverki sínu og skyldu hennar um að sannprófa hvort félagið og sú traustþjónusta sem það veitir uppfylli þær kröfur sem mælt er fyrir um í reglugerðinni. Að mati Fjarskiptastofu er 2. mgr. 21. gr. reglugerðarinnar afdráttarlaust um skyldu eftirlitsstjórnvalds að sannprófa hvort kröfur reglugerðarinnar séu uppfylltar, sbr. einnig g- og j-liður 4. mgr. 17. gr. reglugerðarinnar. Er það niðurstaða Fjarskiptastofu eftir yfirferð stofnunarinnar á samræmismati Auðkennis ehf. að veita félaginu fullgilda stöðu til að starfa sem traustþjónustuveitandi á sviði rafrænna undirskrifa og rafrænna innsigla. Sú ákvörðun er tekin með vísan til 1. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2019, sbr. einnig 2. mgr. 21. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014.

4.2 Persónuvernd

(22) Fjarskiptastofa fór yfir skjöl sem lágu til grundvallar samræmismati við sannprófun sína og kallaði þar að auki eftir viðbótarupplýsingum, þ.e. persónuverndarstefnu félagsins. Er það mat stofnunarinnar að persónuverndarstefnan gefi vísbendingar um fylgni við persónuverndarlög, en ekki var framkvæmd frekari sannprófun á því hvort viðeigandi verkferlar væru til staðar til að styðja við persónuverndarstefnu félagsins, þar sem Fjarskiptastofa telur þá sannprófun ekki falla undir sitt eftirlitshlutverk. Það er þó mat stofnunarinnar að vafi leiki á því að samantekt á vefsíðu félagsins⁷ uppfylli kröfur persónuverndarlaga nr. 90/2018 þegar kemur að fræðsluskyldu sem hvílir á félaginu skv. 13. gr. laganna.⁸ Í boðunarbréfi dags. 16. maí sl. var Auðkenni ehf. hvatt til að yfirfara upplýsingar á vefsíðunni sinni og gera viðeigandi úrbætur svo tryggt væri að félagið uppfylli þá fræðsluskyldu sem hvílir á félaginu samkvæmt persónuverndarlögum.

(23) Eins og að framan greinir gerði Auðkenni ehf. athugasemdir við valdbærni Fjarskiptastofu þegar kemur að mati við fylgni persónuverndarlaga. Fyrir liggur að eIDAS reglugerðin gerir þá kröfu að vinnsla persónuupplýsinga hjá traustþjónustuveitendum sé í samræmi við ákvæði persónuverndarlaga.

(24) Reglugerðin gerir ráð fyrir virku samstarfi milli eftirlitsstofna sem fara með eftirlit með fylgni við eIDAS reglugerðina og persónuverndaryfirvalda. Þannig ber eftirlitsstofnunum að upplýsa persónuverndaryfirvöld ef reglur um vernd persónuupplýsinga virðast hafa verið brotnar, sbr. f-liður 4. mgr. 17. gr. og einnig 2. mgr. 20. gr. reglugerðarinnar.

(25) Með vísan til framangreinds, og á grundvelli heimildar í f-lið 4. mgr. 17. gr. eIDAS reglugerðarinnar, er það því niðurstaða Fjarskiptastofu að upplýsa Persónuvernd um málið sem fer með eftirlit á grundvelli laga nr. 90/2018.

⁶ Sjá hér vottorð um faggildingu: https://www.tuv.at/fileadmin/user_upload/docs/certification/Akkreditierungs-Urkunde_und_Umfang_Produktzertifizierung.pdf

⁷ <https://www.audkenni.is/um-audkenni/me%C3%B0fer%C3%B0-pers%C3%B3nuuppl%C3%BDsinga/>

⁸ Sjá einnig upplýsingar á vefsíðu Persónuverndar: <https://www.personuvernd.is/fyrirtaeki-og-stjornsysla/spurt-og-svarad/allar-spurningar-og-svor/fraedsluskylda-1>

4.3 Skilmálar

(26) [...]⁹.

(27) Með hliðsjón af framangreindu er það mat Fjarskiptastofu að félagið starfi í samræmi við skilyrði d-liðar 2. mgr. 24. gr. eIDAS reglugerðarinnar [...]¹⁰.

Á k v ö r ð u n a r o r ð

1. Auðkenni ehf. er veitt fullgild staða til að starfa sem traustþjónustuveitandi á sviði rafrænna undirskrifa og rafrænna innsigla. Ákvörðun þessi er tekin með stoð í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2019, sbr. einnig 2. mgr. 21. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014.
2. Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 75/2021, um Fjarskiptastofu. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi var kunnugt um ákvörðun Fjarskiptastofu. Um málskostnað fer samkvæmt 5. mgr. ákvæðisins, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, skv. 6. gr. reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála. Samkvæmt 4. mgr. 20. gr. laga nr. 75/2021, um Fjarskiptastofu getur aðili einnig borið ákvörðun Fjarskiptastofu beint undir dómstóla án þess að mál sé fyrst borið undir úrskurðarnefnd. Slíkt mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um ákvörðun stofnunarinnar. Málskot frestar ekki réttaráhrifum ákvarðana stofnunarinnar. Málskot beint til dómstóla hindrar að úrskurðarnefnd sé heimilt að taka kæru til meðferðar.

Fjarskiptastofa, 26. október 2022.

Hrafnkell V. Gíslason

Arna Hrönn Ágústsdóttir

⁹ Upplýsingar felldar á brott vegna trúnaðar.

¹⁰ Upplýsingar felldar á brott vegna trúnaðar.